

Nefndasvið Alþingis
B.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. marz 2019.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um vistvæn opinber innkaup á matvöru (43. mál)

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til beiðni nefndasviðs Alþingis frá 19. febrúar sl. um að félagið veiti umsögn um þingsályktunartillögu um vistvæn opinber innkaup á matvöru á þingskjali 43.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að fela fjármála- og efnahagsráðherra að vinna frumvarp þess efnis að ávallt skuli tekið tillit til umhverfissjónarmiða og dýravelferðar við opinber innkaup á matvöru. Frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi fyrir lok desember 2019.

FA telur jákvætt að umhverfissjónarmið og dýravelferð séu á meðal þeirra atriða, sem tekið er tillit til við opinber innkaup á matvörum. Félagið bendir þó á að málið er flókið og auðvelt að sjá fyrir sér að vinna sú, sem fjármálaráðherra er hvattur til að fara í, endi í ógöngum, sé ekki vandað til verka.

FA leggur áherzlu á að þau viðmið um áhrif vöru á umhverfið og að gætt hafi verið að velferð dýra við framleiðslu hennar, séu byggð á málefnalegum sjónarmiðum og sannreynanlegum gögnum og upplýsingum. Annars er raunveruleg hættu á að stillt verði upp viðmiðum sem ekki standast skoðun og virka í rauninni frekar sem tæknilegar viðskiptahindranir eða ólögmaet ríkisaðstoð en sem meðul til að stuðla að umhverfisvernd og dýravelferð.

Hefur innflutta varan alltaf minna vistspor?

Auðvelt gæti til dæmis verið að falla í þá gryfju að matvæli framleidd á Íslandi hljóti alltaf að hafa minna vistspor en matvæli framleidd erlendis. Það getur átt við í sumum tilvikum, en alls ekki í öllum. Þessa misskilnings gætir í ályktun Búnaðarþings Bændasamtaka Íslands árið 2018, en þar var því beint til fjármálaráðuneytis „að endurskoða innkaupastefnu ríkisins og lög um opinber innkaup með það að markmiði að opinberar stofnanir skuli velja innlend matvæli þar sem því er við komið. Þannig er stutt við innlenda matvælaframleiðendur og jafnframt stuðlað að minni losun gróðurhúsalofttegunda sem til falla við flutning til landsins. Búnaðarþing telur að ríkið skuli kaupa þær vörur sem hafa hvað minnst umhverfisfótspor.“

Þegar málið er skoðað nánar, er engan veginn sjálfgefið að innlend vara hafi minna vistspor en innflutt. Svo dæmi sé tekið, þarf um það bil tvö kíló af innfluttu fóðri til að rækta eitt kíló af kjúklingakjöti. Innflutningur, með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda, er þá tvöfalt meiri en ef kjúklingakjötið væri ræktað t.d. í öðru Evrópulandi með fóðri af nálægu svæði. Þá er ekki einu sinni litið til innflutnings á vélakosti, byggingarefni eða umbúðum sem þarf til framleiðslunnar.

Tökum annað dæmi: Innlent kindakjöt er frábær vara. En ein af afleiðingum framleiðslu þess, a.m.k. á sumum svæðum, er rýrnun landgæða vegna beitarálags, sem losar bæði gífurlegt magn af gróðurhúsalofttegundum og skerðir getu landsins til að taka upp koltvísýring úr andrúmsloftinu. Um þetta má lesa í skýrslu Landbúnaðarháskóla Íslands frá 2016. Hvort vistspor innlands kindakjöts sé minna en innfluttra kjötvara er í þessu ljósi vægast sagt umdeilanlegt.

Þriðja dæmið er að gera má ráð fyrir að jafnt við framleiðslu innlands kinda- og nautakjöts hafi sögulega farið fram umfangsmikil framræsla votlendis til að tryggja hefynd til þeirrar framleiðslu. Framræst votlendi er stærsta uppspretta losunar gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, samkvæmt skýrslu samráðshóps um endurheimt votlendis sem út kom á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins árið 2016.

Þessi dæmi sýna að það dugir skammt að skoða hvað varan sjálf, sem neytandinn fær í hendur, var flutt um langan veg til að meta hvert vistspor hennar er. Skoða þarf allan framleiðsluferil og aðfangakeðju vörunnar. Það er flókið mál og deilt um aðferðirnar sem beita á. Fjármálaráðuneytið á hér mikla vinnu fyrir höndum, sem FA leyfir sér að efast um að ljúki fyrir árslok.

Engan veginn er hægt að fullyrða að innlend vara sé vistvænni en innflutt án nánari skoðunar. Hafa ber í huga að framboð af lífrænt ræktaðri vöru, sem almennt er talin vistvænni en vara sem ræktað er með öðrum aðferðum, er enn sem komið er meira í innfluttri vöru en innlendri.

Á alltaf að taka umhverfisvænsta kostinn?

Þá komum við reyndar að öðru álitamáli; á við umhverfisvæn innkaup að velja umhverfisvænsta kostinn óháð verði eða á að setja einhvers konar lágmarkskröfur? Lífræn vara kann oft að vera vistvænsti kosturinn, en hún er alla jafna mun dýrari en önnur vara. Dæmi úr grænmetishillu í stórmarkaði í Reykjavík í dag sýnir að lífrænt ræktaðir tómatar eru allt að tvöfalt dýrari en tómatar úr annarri ræktun. Það væri mjög hæpin ráðstöfun fjár skattgreiðenda að kaupa lífrænu tómatana, að því gefnu að hinir standist almennar gæðakröfur. Það hlýtur að þurfa að veга saman verð annars vegar og sjónarmið um náttúruvernd og dýravelferð hins vegar.

Innan evrópska regluverksins

Ísland hefur tekið upp matvælalöggjöf Evrópusambandsins í gegnum EES-samninginn en ekki allar reglur ESB um dýravelferð. Noregur hefur gengið lengra í innleiðingu þeirra reglna. Að mati FA myndi það einfalda þá vinnu, sem flutningsmenn leggja til að farið verði í, að reglur um aðbúnað og velferð dýra og eftirlit með henni séu sem sambærilegastar á milli Íslands og helztu viðskiptalanda okkar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Að lokum

Félag atvinnurekenda leggst ekki gegn samþykkt þingsályktunartillögunnar, en ítrekar ábendingar sínar hér að ofan. Félagið áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari

athugasemdom við málið á síðari stigum. Þá er félagið að sjálfsgöðu reiðubúið að funda með þingnefndinni um málið.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
Framkvæmdastjóri FA